

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið**  
**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**

*Lilja Alfreðsdóttir, Mennta – og menningarmálaráðherra*  
*Kristján Þór Júlíusson, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og*  
*Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra*



19. mars 2020

Í samfélaginu og heiminum öllum ríkir nú fordæmalaust ástand. Að mörgu þarf að huga og eru þær áskoranir sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir margslungnar, bæði á meðan samkomubann varir, í aðdraganda þess og eftir að því lýkur. Ljóst er að ástandið mun hafa áhrif á margar starfsstéttir, starfsgreinar, heilbrigðiskerfi, menntun, ferðafrelsi, aðföng og framboð.

Myndstef vill vekja sérstaka athygli á stöðu sjónlistarmanna í þessu samhengi. Listasýningum hefur verið aflýst, listamannavinnustofur (artist residency) standa auðar, listnám hefur verið aflagt (algengt er að listakennarar séu verktakar), ljósmyndarar hafa misst verkefni, einkum viðburðarljósmyndarar og ljósmyndun stærri verkefna. Einnig hafa ljósmyndarar og hönnuðir misst tekjur vegna kennslu og námskeiðshalds, fyrirlestra, fræðslu, sýninga og annarra viðburðartengdra verkefna. Mörg menningartengd fyrirtæki - auglýsingastofur, arkitektarstofur, listasöfn, stofnanir og skólar - hafa dregið saman, og í einhverjum tilvikum hafa sjónlistarmenn alfarið misst vinnu og verkefni vegna þessa. Í leikhúsum og kvikmyndageiranum er einnig umtalsverð tekjuskerðing. Bæði eru fyrirtæki að láta starfsfólk fara, sem og aflýsa og fresta verkefnum, kvikmyndum og leiksýningum, sem bitnar mikið á afkomu búninga-, og leikmyndahönnuða. Að auki starfa margir sjónlistamenn hérlandis og erlendis, og hefur ástandið mikil áhrif á ferðalög tengd vinnu og samstarfi. **Athugast skal að í langflestum þessara ofangreindra tilvika eru tekjur sjónlistarmanna verktakalaun og/eða höfundaréttartekjur.**

Þóknun vegna höfundaréttar sjónlistarmanna mun dragast saman á næsta misserum, og munu fylgiráttargjöld að öllum líkindum einnig dragast saman að verulegum hluta, en í samkomubanni er ekki hægt að halda uppboð, sem og endursala listmuna dregst saman.

Nú þegar hefur orðið umtalsvert tjón og tekjuskerðing á hópi sjálfstætt starfandi sjónlistamanna, sem mun að öllum líkindum aukast.

Myndstef óskar eftir því að ráðherrar og ríkisstjórn taki sérstakt tillit til þessarar viðkvæmu stöðu. Leggur Myndstef fullt traust til þess að ráðamenn þjóðarinnar finni leiðir og lausnir til að bæta það tjón, amk að hluta til, sem þessi hópur hefur mátt þola og horfir fram á, á sama hátt og á við um aðra hópa þjóðfélagsins.

Með virðingu og vinsemd, og þakkir fyrir þá þrotlausu baráttu, samhug og jákvæðni sem hefur ríkt til þessa.

**Með kveðju og vinsemd,**  
**Stjórn Myndstefs**

*Guðmundur Skúli Viðarsson, ljósmyndari*  
*Logi Bjarnason, myndhöggvari/myndlistarmaður*  
*Páll Haukur Björnsson, myndlistarmaður*  
*Ragnar Th. Sigurðsson, ljósmyndari, sem jafnframt er formaður stjórnar*  
*Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, lýsingarhönnuður og innanhússarkitekt*